

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 19. mars 2020 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-10/2019.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 24. janúar 2019 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á notaðri bifreið af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir bifreiðina gallaða og krefst þess að seljandi taki þátt í viðgerðarkostnaði vegna gallans.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 24. janúar 2019, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Þann 1. apríl 2019 var álitsbeiðnin send til seljanda að nýju ásamt viðbótargögnum og seljanda veitt heimild til að senda andsvör til nefndarinnar. Seljandi nýtti sér þá heimild og bærust andsvörin þann 5. apríl 2019. Andsvör seljanda voru send til álitsbeiðanda 16. apríl 2019 og honum bent á heimild sína til að hafa uppi athugasemdir vegna þeirra. Álitsbeiðandi nýtti sér ekki þá heimild. Frekari athugasemdir bærust nefndinni ekki. Með bréfi, dags. 16. janúar 2020, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi keypti bifreiðina XX-0000 þann 29. ágúst 2018 fyrir 1.280.000 krónur. Bifreiðin er af gerðinni Nissan Pathfinder, árgerð 2007, og hafði samkvæmt kaupsamningi verið ekið um 145.000 km við kaupin. Fyrir kaupin hafði bifvélavirki skoðað bifreiðina og bent álitsbeiðanda á að fjaðragormur væri brotinn að aftan og að bifreiðin væri kraftlaus. Ráðlagði bifvélavirkinn álitsbeiðanda að kaupa ekki bifreiðina og segir álitsbeiðandi að hann hefði betur farið að hans ráðum. Eftir kaupin festi álitsbeiðandi kaup á nýjum fjaðragorm fyrir 19.540 krónur og lét setja hann í bifreiðina á verkstæði. Álitsbeiðandi segist einnig hafa látið ryðverja bifreiðina eftir kaupin, í byrjun september, þar sem tegundin er „þekkt fyrir ryðskemmdir í burðargrind“. Greiddi álitsbeiðandi að eigin sögn um 100.000 krónur fyrir ryðvörnina.

Álitsbeiðandi er ekki búsettur á höfuðborgarsvæðinu og kvaðst hafa beðið son sinn um að aka bifreiðinni heim, norður í land, í kjölfar framangreindra aðgerða. Þegar bifreiðinni hafði verið ekið nokkurn spöl kviknaði viðvörnarljós fyrir útblástur og var bifreiðin kraftlaus í akstri. Bifreiðin var því færð til skoðunar á Z. Við tölvulestur á verkstæðinu voru þrjú atriði talin líkleg ástæða bilunarinnar, þ.e. stúflaður sótsúkútur, bilaður stýriventill fyrir túrbínu eða bilaður EGR ventill. Að sögn álitsbeiðanda var reynt að tengja framhjá stýrisventlinum og brenna úr sótsúkútnum. Þegar álitsbeiðandi hugðist keyra bifreiðina heim kom í ljós að viðgerðin dugði ekki til því bifreiðin var kraftlaus og komst ekki hraðar en 40 km á klukkustund. Varð hann því að snúa bifreiðinni við og keyra aftur á verkstæðið sama dag, þann 13. september 2018.

Á verkstæðinu fékk álitsbeiðandi upplýsingar um verð á þeim þremur íhlutum sem verkstæðið taldi líklega orsök bilunarinnar. Vegna mikils kostnaðar kveðst álitsbeiðandi hafa ákveðið að kaupa varahluti erlendis frá. Bifreiðin stóð óhreyfð á meðan beðið var eftir varahlutum en þeir bærust seint í október 2018 að sögn álitsbeiðanda. Á verkstæðinu var aftur brennt úr sótsúu ásamt fleiri aðgerðum sem höfðu ekki áhrif. Bifreiðin var skilin eftir á verkstæði

til frekari skoðunar en þann 26. október fékk álitseiddandi þær upplýsingar að gat hefði fundist á vaccum slöngu að ventlinum, sem stjórnar túrbínu. Var skipt um hana og bifreiðin komst í lag. Álitseiddandi greiddi samkvæmt fyrirbyggjandi reikningi 39.259 krónur fyrir viðgerðina.

Álitseiddandi bendir á að á fyrstu tveimur mánuðum eftir kaupin hafi hann lítið sem ekkert getað ekið bifreiðinni vegna bilana, greitt háar fjárhæðir í viðgerðarkostnað og endurteknar ferðir á verkstæði hafi skapað honum mikið óhagræði. Álitseiddandi segist upphaflega hafa ætlað að bera kostnaðinn sjálfur með von um að hann yrði ekki hár. Hafði hann því ekki samband við seljanda þegar viðgerð var ekki lokið og viðgerðarkostnaður lá ekki fyrir. Að sögn álitseiddanda dróst svo lengur en áætlað var að hafa samband við seljanda vegna breytinga á netþjónustu þar sem hann gat ekki sent tölvupóst.

Álitseiddandi kveðst nýlega hafa fengið upplýsingar um að bifreiðin var áður í eigu bifreiðaleigunnar Þ. Seljandi hafði keypt bifreiðina af Þ og átt hana í tvö ár áður en álitseiddandi festi kaup á henni. Starfsmenn Þ hafa viðurkennt að aksturstölur bifreiðarinnar voru færðar niður um a.m.k. 25.385 km þann 21. apríl 2015, eða úr 99.770 km í 74.385 km. Aðspurður segir álitseiddandi að honum hafi verið boðnar bætur vegna þessa en þær hafi verið mjög lágar og ekki í samræmi við tjón hans. Álitseiddandi segist hafa fest kaup á bifreiðinni m.a. sökum þess hve lítið hún var ekin miðað við aldur samkvæmt skráningu á kaupdegi.

Álitseiddandi telur að hann sitji uppi með verðlausa bifreið sem erfitt verður að selja. Að auki hafi hann þurft að leggja út háar fjárhæðir í viðgerðarkostnað. Seljandi hefur hafnað að taka þátt í viðgerðarkostnaði og bent á að álitseiddandi hafi ekki ráðfært sig við hann um viðgerðir. Álitseiddandi telur að bifreiðin hafi verið biluð áður en hann festi kaup á bifreiðinni og krefst riftunar á kaupunum eða greiðslu viðgerðarkostnaðar.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda tekur hann fram að bifreiðin hafi verið seld í því ástandi sem hún var og álitseiddandi hafi kynnt sér ástand hennar. Þá bendir seljandi á að hann hafi ekki fengið upplýsingar frá álitseiddanda fyrr en allar viðgerðir höfðu þegar farið fram. Seljandi segir að sér hafi verið ókunnugt um breytingu á akstursmæli þegar bifreiðin var seld þar sem þær upplýsingar komu ekki fram fyrr en eftir að álitseiddandi festi kaup á henni. Telur seljandi sér ekki skylt að taka þátt í viðgerðarkostnaði og fellst ekki á riftun kaupanna.

V

Niðurstaða kærunevndarinnar

Kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitseiddanda og seljanda falli undir valdsvið nevndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna.

Líkt og að framan er rakið keypti álitseiddandi bifreiðina XX-0000 þann 29. ágúst 2018 fyrir 1.280.000 krónur. Bifreiðin er árgerð 2007 og var því um 11 ára og hafði samkvæmt kaupsamningi verið ekin 145.000 km. á kaupdegi. Samkvæmt framlögðum gögnum hafði bifreiðinni í raun verið ekið um 170.385 km á kaupdegi.

Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni, dags. 29. ágúst 2018, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum.“

Kærufndin álitur að um kaupin gildi 16. og 17. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) en í 1. mgr. 17. gr. kemur fram að þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekkingum almennum fyrirvara teljist hann gallaður þegar:

„a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;

b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í b- og c- lið 16. gr. segir síðan að söluhlutur sé gallaður ef:

„b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin; c. hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin;“

Í 3. mgr. 16. gr. nkpl. kemur síðan fram að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Í framangreindum ákvæðum er annars vegar kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og aðgæsluskyldu kaupanda, auk þess sem í a- lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa telur ekki sýnt fram á það í málinu að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um bifreiðina sem hann hafi þekkt til eða hlaut að þekkja til, sbr. b-liður 16. gr. nkpl. Liggur ekki fyrir að seljanda hafi verið kunnugt um bilanir í bifreiðinni að undanskildum þeim sem álitsbeiðanda var einnig kunnugt um eftir skoðun. Verður því ekki litið svo á að galli hafi verið til staðar á þeim grundvelli. Þá telur nefndin ekki unnt að líta svo á að bifreiðin svari ekki til upplýsinga sem seljandi hafi gefið um hana samkvæmt c-lið 16. gr. nkpl. enda liggur ekki fyrir hvaða upplýsingar það gætu verið.

Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. nkpl.

Akstursmæli bifreiðarinnar hafði verið breytt í apríl árið 2015 með þeim hætti að bifreiðin var samkvæmt skráningu ekin um 145.000 km á kaupdegi en hafði í raun verið ekin um 170.000 km. Álitsbeiðandi hefur bent á að ein af ákvörðunarástæðum fyrir kaupunum hafi verið lítil akstur miðað við aldur bifreiðarinnar. Það liggur hins vegar einnig fyrir að álitsbeiðanda hafa verið boðnar skaðabætur vegna þessa. Fjárhæð bótanna miðaði að því að bæta það tjón sem röng akstursskráning hafði í för með sér. Álitsbeiðandi hefur hafnað þeirri bótagreiðslu þar sem hann telur þær ekki í samræmi við raunveruleg tjón sitt. Með hliðsjón af framangreindu telur kærufndin sér ekki fært að líta til tjóns álitsbeiðanda vegna rangrar akstursskráningar við niðurstöðu málsins, þar sem álitsbeiðanda hefur þegar verið veitt færi á að takmarka tjón sitt sökum þessa.

Álitsbeiðandi greiddi 1.280.000 krónur fyrir bifreiðina og kveðst hafa keyrt hana um 11.000 km eftir kaupin. Bifreiðin hefur að mestu verið ónothæf vegna bilana frá kaupunum og hefur álitsbeiðandi lagt út í mikinn kostnað vegna viðgerða.

Umþrætt bifreið var 11 ára gömul á kaupdegi og var sögð ekin um 145.000 km. Gaf það álitsbeiðanda sérstaka ástæðu til að skoða bifreiðina vandlega áður en kaup fóru fram Verð á

notuðum bifreiðum á þessum aldri getur verið mismunandi og farið m.a. eftir því hvernig bifreiðin lítur út og hvernig virðist hafa verið farið með hana. Að áliti nefndarinnar er líklegt að gat á slöngu sem liggur að ventli bifreiðarinnar hafi verið til staðar á kaupdegi og valdið kraftleysi í akstri, þrátt fyrir að gatið hafi ekki fundist fyrr en síðar. Fyrir kaupin hafði álitsbeiðandi látið bifvélavirkja skoða bifreiðina og fengið það álit að skipta yrði um fjaðragorm og að bifreiðin væri kraftlaus í akstri. Kemur fram að bifvélavirkinn hafi ekki mælt með kaupum á bifreiðinni. Með því að kaupa bifreiðina þrátt fyrir að slíkar upplýsingar lægju fyrir um ástand hennar verður ekki annað séð en að álitsbeiðandi hafi samþykkt kaup á bifreiðinni í því ástandi sem hún var, þar sem fyrir lá að viðgerða yrði þörf.

Í ljósi allra atvika málsins getur nefndin ekki fallist á það með álitsbeiðanda að bifreiðin hafi verið haldin leyndum galla við kaupin samkvæmt a-lið 1. mgr. 17. gr. nkpl. Verður því að hafna kröfu álitsbeiðanda.

VI Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson